

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2005

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Austurstræti 11

155 Reykjavík

Kt. 430990-2179

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur

2005

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun stjórnar	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-15
Sérgreind yfirlit deilda	16-18

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur á Íslandi.

Reykjavík, 27. apríl 2006

Deloitte hf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykktu er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við lög um lífeyrissjóði, samþykktir og tilgang sjóðsins.

Hér fer á eftir nafnávöxtun sjóðsins.

	2005	2004	2003
Líf I	14,7%	12,4%	19,2%
Líf II	12,8%	11,4%	16,2%
Líf III.....	9,4%	12,0%	10,8%
Lífeyrisbók, verðtryggð	8,9%	10,2%	
Lífeyribók , óverðtryggð.....	8,1%		

Virkir sjóðfélagar í árslok 2005 voru 15.110 talsins, en voru 10.787 í ársbyrjun. Í árslok var stærð sjóðsins kr. 14.917.673.980 sem er um 44% stækkun á árinu. Á árinu 2003 var samþykkt að bæta við nýrri ávöxtunarleið Líf IV sem skiptist í verðtryggðan og óverðtryggðan innlánsreikning (Lífeyrisbók) og kom hún inn í lok árs 2004.

Á árinu 2005 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. fær bankinn þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Þóknunin má að hámarki vera 0,8% af eign sjóðsins í árslok. Á árinu 2005 er þessi þóknun 0,32% af eign sjóðsins í árslok.

Árið 2005 var þriðja árið í röð þar sem sjóðfélagar Íslenska lífeyrissjóðsins nutu góðrar ávöxtunar. Allir eignaflokkar utan erlendra skuldabréfa hækkðu en bestu ávöxtun gáfu innlend hlutabréf sem fyrir og hækkaði Úrvalsvísitalan um 64,7%. Ávöxtun á inlendum skuldabréfamarkaði var mjög slök á árinu og skiluðu löng ríkistryggð bréf neikvæðri raunávöxtun, það voru helst stutt óverðtryggð skuldabréf sem héldu velli en ávöxtun þeirra var 8,3% yfir árið. Erlendir hlutabréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun og nutu þeir m.a. meðbyrs vegna hækkingar bandarískjadalans gagnvart krónu á árinu. Niðurstaða ársins varð því mjög góð og e.t.v. umfram eðlilega ávöxtun til lengri tíma titið.

Áritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2006

Í stjórn

Ingólfur Guðmundsson

Helgi Magnússon

Jón Snorri Snorrason

Stefán Héðinn Stefánsson

Kristín Jóhannesdóttir

Framkvæmdastjóri

Hermann Jónasson

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		1.250.131.008	844.306.617
Iðgjöld launagreiðenda		1.410.267.943	909.516.775
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		506.134.534	4.937.618
		<u>3.166.533.485</u>	<u>1.758.761.010</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	154.043.302	97.874.898
Tryggingakostnaður		3.341.534	1.511.807
		<u>157.384.836</u>	<u>99.386.705</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum		14.972.650	10.075.987
Vaxtatekjur og gengismunur	4	1.592.634.123	1.000.454.300
		<u>1.607.606.772</u>	<u>1.010.530.287</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		15.947.907	20.098.906
Vaxtagjöld		295.541	716.473
		<u>16.243.447</u>	<u>20.815.379</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		34.960.666	42.804.037
		<u>34.960.666</u>	<u>42.804.037</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		4.565.551.308	2.606.285.176
Hrein eign frá fyrra ári		<u>10.352.122.673</u>	<u>7.745.837.499</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	11	<u>14.917.673.980</u>	<u>10.352.122.675</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,6	13.353.662.082	9.801.975.443
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	507.391.551	356.114.963
Bankainnstæður		907.466.630	159.688.712
		<u>14.768.520.263</u>	<u>10.317.779.118</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2	37.099.737	24.405.020
Aðrar kröfur	12	74.010.910	13.140.775
		<u>111.110.646</u>	<u>37.545.795</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		75.118.850	42.328.811
		<u>75.118.850</u>	<u>42.328.811</u>
Eignir		<u>14.954.749.759</u>	<u>10.397.653.724</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	13	15.305.299	37.941.156
		<u>15.305.299</u>	<u>37.941.156</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur			
Fyrirfram innheimtar tekjur		21.770.480	7.589.892
		<u>21.770.480</u>	<u>7.589.892</u>
Skuldir		<u>37.075.779</u>	<u>45.531.048</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls		<u>14.917.673.980</u>	<u>10.352.122.675</u>
Greining á hreinni eign á deildir			
Líf I		5.556.327.150	3.429.628.964
Líf II		5.916.258.388	4.609.421.650
Líf III		1.299.641.187	1.098.336.042
Líf IV		558.304.189	159.688.712
Sameign		1.587.143.066	1.055.047.307
		<u>14.917.673.980</u>	<u>10.352.122.675</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

	2005	2004
Inngreiðslur		
Iðgjöld	3.071.048.454	1.740.328.465
Fjárfestingartekjur	(49.523.369)	78.312.598
Afborganir verðbréfa	16.176.417	16.687.300
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	5.336.556.945	4.656.437.138
Seld verðbréf með föstum tekjum	3.902.027	0
	<u>8.378.160.474</u>	<u>6.491.765.501</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	156.579.359	99.386.705
Fjárfestingargjöld	16.237.067	20.815.379
Rekstrarkostnaður án afskrifta	54.461.067	42.804.037
	<u>227.277.493</u>	<u>163.006.121</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>8.150.882.981</u>	<u>6.328.759.379</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	7.245.315.024	5.904.453.550
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	125.000.000	264.353.047
Hækkun á bankainnstæðum	747.777.918	159.688.712
	<u>8.118.092.942</u>	<u>6.328.495.309</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum	32.790.039	264.070
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	42.328.811	42.064.741
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>75.118.850</u>	<u>42.328.811</u>

1. Starfsemi

Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður sem rekur bæði séreignadeild og samtryggingadeild.

Samtrygging

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Frjáls aðild er að lífeyrissjóðnum og hafa allir þeir sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjald til annars lífeyrissjóðs heimilt að greiða í þennan sjóð. Lágmarksiðgjald er 10% eins og í almenna lífeyriskerfinu, en allt að 2,7% af iðgjaldinu myndar séreign og er laus til útborgunar við 60 ára aldur.

Séreign

Lífeyrissjóðurinn tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í lífeyrissjóðnum ásamt öðrum sem þess óska er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignasjóðinn. Séreignasjóðurinn býður upp á fjórar ávöxtunarleiðir með mismunandi ávöxtun og áhættu.

Leið I

Leið I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótask af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 45% af eignum í innlendum skuldabréfum, 15% í innlendum hlutabréfum og 40% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

Leið II

Leið II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 60% af eignum í innlendum skuldabréfum, 10% í innlendum hlutabréfum og 30% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir a.m.k. 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

Leið III

Leið III er áhættuminnsta deildin og eru sveiflur í ávöxtun þar litlar. Stefnt er að því að fjárfesta 80% af eignum í innlendum skuldabréfum, 5% í innlendum hlutabréfum og 15% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

Leið IV

Á árrinu 2004 var stofnuð ný ávöxtunarbraut, Leið IV. Eingöngu er fjárfest í innlánsreikningum hjá Landsbanka Íslands, og er val á milli verðtryggs og óverðtryggs innlánsreiknings. Deildin hentar þeim sem komnir eru að eða hafa þegar hafið töku lífeyris.

Lífeyrisréttindi

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira og leitt hefur til tekjuskerðingar. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er aldurstengd. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyriskuldbindingar sínar í sameign með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi, því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyriskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk. Lífeyrisréttindi í séreignasjóðnum miðast við innborguð iðgjöld réttthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar réttthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrir en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign

Skýringar

1. Starfsemi (framhald)

Utgreiðsluleiðir

Lífeyrissjóðurinn hefur, frá því að hann fékk starfsleyfi, boðið fjóra kosti (leiðir I-IV) við öflun lágmarkstryggingaverndar og hafa sjóðfélagar getað valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn. Ef sjóðfélagi velur sér ekki ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið I.

Frá og með 15. maí 2003 hafa sjóðfélagar eingöngu getað valið milli leiða I og III við inngöngu í sjóðinn. Þeir sjóðfélagar sem höfðu valið leið II eða IV, fyrir 15. maí 2003, geta þó haldið áfram að greiða til sjóðsins samkvæmt þeim leiðum.

Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksidgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign eru að fullu eign sjóðfélagans og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar, eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til áviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ávilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfræksla sjóðsins

Landsbanki Íslands hf. annast starfrækslu lífeyrissjóðsins samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og bankans. Skrifstofa sjóðsins er að Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram.

Ahættustjórnun

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Samningarnir eru gerðir upp á markaðsverði. Höfuðstóll samninganna er ekki færður í efnahagsreikning, en afkoma þeirra er færð í yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikning. Samningarnir eru færðir í efnahagsreikning með öðrum eignum eða öðrum skuldum eftir því hvort staða þeirra er jákvæð eða neikvæð.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð þegar iðgjaldaskilgreinar berast sjóðnum. Í árslok er einnig áætlað vegna ótilkynnta iðgjalda í samtryggingardeild. Óinnheimt iðgjöld í árslok, bæði tilkynnt og ótilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningi inn á réttar deildir. Í lok árs 2005 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 21,7 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi meðal fyrirfram innheimtra tekna.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Lífeyrir

Lífeyrir er gjaldfærður þegar hann er greiddur til lífeyrisþega.

Skráning tekna

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi íslensku krónunnar.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og bankainnstæðum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á gengi innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar sjóðsins í hlutdeildarfélögum eru færðir í samræmi við hlutdeild sjóðsins í eigin fé félaganna í árslok.

Verðbréf

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það er talið nauðsynlegt til að tryggja réttláta skiptingu ávöxtunar sjóðsins milli rétthafa hans.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagalán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Önnur veðlán eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi.

Skýringar

3. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign
Ellilífeyrir	2.411.484	28.905.189	96.859.722	8.717.834	22.572
Örorkulífeyrir	1.239.770	2.303.251	28.849		2.648.578
Makalífeyrir		4.125.688	1.456.077		404.928
Barnalífeyrir	3.119.585	293.646	1.506.129		
	<u>6.770.839</u>	<u>35.627.774</u>	<u>99.850.777</u>	<u>8.717.834</u>	<u>3.076.078</u>

4. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

	2005
Af verðbréfum með breytilegum tekjum.....	1.603.090.524
Af verðbréfum með föstum tekjum.....	54.685.637
Af bankainnstæðum.....	33.299.066
Af gjaldmiðlasamningum	(114.667.217)
Aðrar vaxtatekjur	16.226.113
	<u>1.592.634.123</u>

5. Rekstrargjöld

Hjá lífeyrissjóðnum starfar enginn starfsmaður en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbanka Íslands hf. annast bankinn starfrækslu sjóðsins. Bankinn greiðir laun stjórnar og forstöðumanns sjóðsins og eru þau innifalin í þóknun sjóðsins til hans. Einungis fulltrúar sjóðsfélaga fá greidd stjórnarlaun og eru þau kr. 450.000 á mann á ári.

	2005	2004
Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:		
Endurskoðun og ársuppgjör.....	1.723.936	1.240.620
Önnur sérfræðiþjónusta	287.884	162.952
	<u>2.011.820</u>	<u>1.403.572</u>

6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	4.179.926
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	9.468.434.317
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	3.881.047.838
	<u>13.353.662.082</u>

Skýringar

6. Verðbréf með breytilegum tekjum (framhald)

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig: (framhald)

Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Decode Genetics Inc. skráð.....	4.179.926	0	0	0	4.179.926
Hlutabréfacign alls	4.179.926	0	0	0	4.179.926

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Skuldabréfasjóðir	2.494.461.187	3.054.679.660	932.508.209	716.852.509	7.198.501.565
Hlutabréfasjóðir	1.027.131.045	858.254.541	106.775.724	277.771.442	2.269.932.752
Innl. verðbréfasjóðir alls.....	3.521.592.232	3.912.934.201	1.039.283.933	994.623.951	9.468.434.317
Erlendir verðbréfasjóðir:					
Erlendir hlutabréfasjóðir	1.610.579.810	1.632.945.675	192.831.899	444.690.455	3.881.047.838
Verðbréfasjóðir alls.....	5.132.172.042	5.545.879.876	1.232.115.832	1.439.314.406	13.349.482.156

7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Leið I	Leið II	Leið III	Sameign	Samtals
Skuldabréf með ríkisábyrgð	0	15.655.457	976.198	0	16.631.655
Skuldabréf sveitarfélaga	0	6.793.582	1.610.136	0	8.403.718
Skuldabréf lánastofnana	193.149.506	191.841.502	35.205.000	28.880.000	449.076.008
Skuldabréf fyrirtækja	4.007.843	4.675.817	2.003.922	0	10.687.582
Önnur skuldabréf	0	0	15.007.315	8.119.253	23.126.568
	197.157.349	218.966.358	54.802.571	36.999.253	507.925.531
Niðurfærsla skuldabréfa	(149.925)	(252.015)	(132.040)	0	(533.980)
	197.007.424	218.714.343	54.670.531	36.999.253	507.391.551

8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	9.468.434.317	3.885.227.764	13.353.662.082
Verðbréf með föstum tekjum	507.391.551	0	507.391.551
Bankainnstæður.....	550.736.630	356.730.000	907.466.630
	10.526.562.498	4.241.957.765	14.768.520.263
Hlutfallsleg skipting	71%	29%	100%

Skýringar

9. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð á markaðsverði. Væru þessi verðbréf færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi væri mat þeirra 0,5 milljónum króna hærra og hrein eign til greiðslu lífeyris þeim mun hærri.

10. Ábyrgðir og skuldbindingar

Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og skiptasamninga við lánastofnanir á árinu. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins. Engir samningar voru í gangi í árslok.

11. Lífeyrisskuldbindingar

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur áfallin lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar sjóðsins 1.155,7 milljónum króna árslok 2005 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2005 er 1.589,4 milljónir króna eða 433,7 milljónir króna hærri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar í árslok 2005 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.587,1		1.587,1
Núvirði verðbréfa, hækkun	42,8		42,8
Lækkun vegna fjárfestingargjalda	(40,5)		(40,5)
Núvirði framtíðariðgjalda	,0	5.725,8	5.725,8
	<u>1.589,4</u>	<u>5.725,8</u>	<u>7.315,2</u>
	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	641,5	3.629,0	4.270,5
Örorkulífeyrir	419,2	1.630,2	2.049,4
Makalífeyrir	86,5	372,7	459,2
Barnalífeyrir	0,0	99,8	99,8
Rekstrarkostnaður	8,5	84,4	92,9
	<u>1.155,7</u>	<u>5.816,1</u>	<u>6.971,8</u>
Eignir umfram skuldbindingar	433,7	(90,3)	343,4
Í hlutfalli af skuldbindingum	37,5%	-1,6%	4,9%

Skýringar

12. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	<u>2005</u>
Kröfur vegna iðgjaldaflutninga.....	42.471.367
Kröfur vegna tryggingaiðgjalda.....	16.908.375
Landsbanki Íslands hf.....	6.771.624
Tekjufærður arður til greiðslu í janúar.....	3.608.494
Aðrar eignir	4.251.050
	<u>74.010.910</u>

13. Skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:	<u>2005</u>
Ógreiddur kostnaður	15.305.299
	<u>15.305.299</u>

14. Kennitölur

Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða:

	<u>2005</u>	<u>2004</u>	<u>2003</u>	<u>2002</u>	<u>2001</u>
Hrein raunávöxtun	8,65%	6,86%	13,24%	(1,52%)	(5,47%)
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
sl. 5 ár	4,12%	1,45%	2,03%	1,24%	2,52%
sl. 10 ár	4,67%	4,45%	4,39%	4,59%	
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf m. breytilegum tekjum	89,86%	94,17%	98,65%	93,43%	90,48%
Skráð verðbréf m. föstum tekjum	0,21%	2,96%	1,24%	6,38%	7,94%
Óskráð verðbréf m. breytilegum tekjum ...	0,56%	0,83%	0,00%	0,00%	1,29%
Óskráð verðbréf m. föstum tekjum	3,23%	0,49%	0,11%	0,19%	0,29%
Bankainnstæður	6,14%	1,55%			
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	71,28%	71,69%	77,73%	79,49%	79,61%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	28,72%	28,31%	22,27%	20,51%	20,39%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	9277	6499	5016	4.816	3.689
Fjöldi lífeyrisþega	290	165	161	60	51
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	88,88%	94,68%	87,80%	92,84%	98,46%
Örorkulífeyrir	4,04%	1,43%	8,37%	1,10%	1,10%
Makalífeyrir	3,89%	1,90%	3,19%	1,83%	0,44%
Barnalífeyrir	3,19%	1,99%	0,64%	4,23%	0,00%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign					
umfram heildarskuldbindingar	4,9%	3,1%	7,6%	6,2%	8,3%
Hrein eign					
umfram áfallnar skuldbindingar	37,5%	27,3%	38,0%	32,3%	46,2%

Skýringar

14. Kennitölur (framhald)

Yfirlit um kennitölur, skipt niður á brautir sjóðsins:

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign
Hrein raunávöxtun	10,16%	8,35%	5,05%	4,59%	9,66%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	3,95%	4,18%	4,54%		4,31%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbr. m. brl. tekjum	92,37%	93,92%	95,75%		92,60%
Skráð verðbr. m. föstum tekjum	3,56%	3,62%	2,97%		1,87%
Óskráð verðbr. m. brl. tekjum	0,54%	0,76%			0,58%
Óskráð verðbr. m. föstum tekjum		0,11%	1,28%		0,53%
Bankainnstæður	3,53%	1,59%		100,00%	4,42%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	69,72%	71,67%	85,01%	100,00%	69,88%
Eignir í erl. gjaldmiðlum	30,28%	28,33%	14,99%		30,12%
Fjöldi sjóðfélaga	9447	3208	885	1791	2572
Fjöldi lífeyrisþega	44	75	140	15	16

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2005

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign	Samtals 2005
Iðgjöld						
Iðgjöld sjóðfélaga	651.391.369	277.330.130	59.505.019	115.339.496	146.564.996	1.250.131.008
Iðgjöld launagreiðenda	670.589.219	338.602.753	62.560.575	109.272.711	229.242.685	1.410.267.943
Réttindaflutningur og endurgreiðslur milli brauta	524.484	4.450.793	(5.739.199)	763.922	0	0
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	188.961.112	88.103.018	77.183.579	151.886.825	0	506.134.534
	<u>1.511.466.183</u>	<u>708.486.693</u>	<u>193.509.974</u>	<u>377.262.953</u>	<u>375.807.681</u>	<u>3.166.533.485</u>
Lífeyrir						
Lífeyrir	6.770.839	35.627.774	99.850.777	8.717.834	3.076.078	154.043.302
Tryggingakostnaður	0	0	0	0	3.341.534	3.341.534
	<u>6.770.839</u>	<u>35.627.774</u>	<u>99.850.777</u>	<u>8.717.834</u>	<u>6.417.612</u>	<u>157.384.836</u>
Fjárfestingartekjur						
Tekjur af eignarhlutum	6.313.461	6.601.493	846.496		1.211.200	14.972.650
Vaxtatekjur og gengismunur	633.057.978	650.363.540	112.099.451	30.070.358	167.042.795	1.592.634.123
	<u>639.371.439</u>	<u>656.965.033</u>	<u>112.945.947</u>	<u>30.070.358</u>	<u>168.253.995</u>	<u>1.607.606.772</u>
Fjárfestingargjöld						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.381.789	7.229.260	1.679.712	0	1.657.146	15.947.907
Vaxtagjöld	162.953	24.575	15.940	0	92.073	295.541
	<u>5.544.742</u>	<u>7.253.835</u>	<u>1.695.652</u>	<u>0</u>	<u>1.749.219</u>	<u>16.243.447</u>
Rekstrarkostnaður						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11.823.851	15.733.381	3.604.347		3.799.087	34.960.666
	<u>11.823.851</u>	<u>15.733.381</u>	<u>3.604.347</u>	<u>0</u>	<u>3.799.087</u>	<u>34.960.666</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu	2.126.698.190	1.306.836.737	201.305.145	398.615.477	532.095.758	4.565.551.308
Hrein eign frá fyrra ári	3.429.628.960	4.609.421.651	1.098.336.042	159.688.712	1.055.047.308	10.352.122.673
Hrein eign í árslok til gr. lífeyris	5.556.327.150	5.916.258.388	1.299.641.187	558.304.189	1.587.143.066	14.917.673.980

Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Leið I	Leið II	Leið III	Leið IV	Sameign	Samtals 2005
Eignir						
Fjárfestingar						
Verðbréf með breytilegum tekjum	5.136.351.968	5.545.879.876	1.232.115.832		1.439.314.406	13.353.662.082
Verðbréf með föstum tekjum	197.007.424	218.714.343	54.670.531		36.999.253	507.391.551
Bankainnstæður	195.400.000	93.075.000		550.736.630	68.255.000	907.466.630
	<u>5.528.759.392</u>	<u>5.857.669.219</u>	<u>1.286.786.363</u>	<u>550.736.630</u>	<u>1.544.568.659</u>	<u>14.768.520.263</u>
Kröfur						
Viðskiptareikningur milli brauta	(62.035.172)	54.860.199	(2.266.921)	6.562.303	2.879.591	(0)
Kröfur á launagreiðendur	2.077.073	2.375.544	614.899	287.606	31.744.615	37.099.737
Aðrar kröfur	66.211.122	3.320.504	471.002	717.651	3.290.631	74.010.910
	<u>6.253.022</u>	<u>60.556.247</u>	<u>(1.181.020)</u>	<u>7.567.559</u>	<u>37.914.837</u>	<u>111.110.646</u>
Aðrar eignir						
Sjóður og veltiinnlán	47.182.884	3.272.217	18.568.214		6.095.535	75.118.850
	<u>47.182.884</u>	<u>3.272.217</u>	<u>18.568.214</u>	<u>0</u>	<u>6.095.535</u>	<u>75.118.850</u>
Eignir	<u>5.582.195.298</u>	<u>5.921.497.684</u>	<u>1.304.173.557</u>	<u>558.304.189</u>	<u>1.588.579.031</u>	<u>14.954.749.759</u>
Skuldir						
Viðskiptaskuldir						
Aðrar skuldir	4.097.668	5.239.296	4.532.370		1.435.965	15.305.299
	<u>4.097.668</u>	<u>5.239.296</u>	<u>4.532.370</u>	<u>0</u>	<u>1.435.965</u>	<u>15.305.299</u>
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur						
Fyrirfram innheimtar tekjur	21.770.480	0	0	0	0	21.770.480
	<u>21.770.480</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>21.770.480</u>
Skuldir	<u>25.868.148</u>	<u>5.239.296</u>	<u>4.532.370</u>	<u>0</u>	<u>1.435.965</u>	<u>37.075.779</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	<u>5.556.327.150</u>	<u>5.916.258.388</u>	<u>1.299.641.187</u>	<u>558.304.189</u>	<u>1.587.143.066</u>	<u>14.917.673.980</u>

Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

	Líf I	Líf II	Líf III	Líf IV	Sameign	Samtals 2005
Inngreiðslur						
Iðgjöld	1.464.097.553	711.945.972	194.901.250	376.257.697	323.845.982	3.071.048.454
Fjárfestingartekjur	(26.950.839)	(46.812.715)	(1.807.749)	30.070.358	(4.022.424)	(49.523.369)
Afborganir verðbréfa	3.750.000	7.218.639	4.764.018		443.760	16.176.417
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	1.365.501.987	2.323.931.803	644.159.861		1.002.963.294	5.336.556.945
Seld verðbréf með föstum tekjum	0	371.483	3.530.544	0	0	3.902.027
	<u>2.806.398.701</u>	<u>2.996.655.182</u>	<u>845.547.924</u>	<u>406.328.055</u>	<u>1.323.230.612</u>	<u>8.378.160.474</u>
Útgreiðslur						
Lífeyrir	6.770.839	35.627.774	99.850.777	8.717.834	5.612.135	156.579.359
Fjárfestingargjöld	5.538.361	7.253.835	1.695.652		1.749.219	16.237.067
Rekstrarkostnaður án afskrifta	21.580.511	26.335.782	4.765.380		1.779.395	54.461.067
Viðskiptareikningar milli brauta	(158.169.728)	48.711.442	72.699.642	6.562.303	30.196.341	(0)
	<u>(124.280.018)</u>	<u>117.928.833</u>	<u>179.011.451</u>	<u>15.280.137</u>	<u>39.337.089</u>	<u>227.277.493</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu	<u>2.930.678.718</u>	<u>2.878.726.349</u>	<u>666.536.472</u>	<u>391.047.918</u>	<u>1.283.893.523</u>	<u>8.150.882.981</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting						
Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum	2.709.027.538	2.703.144.886	633.338.580		1.199.804.020	7.245.315.024
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	20.000.000	80.000.000	15.000.000		10.000.000	125.000.000
Hækkun á bankainnstæðum	195.400.000	93.075.000		391.047.918	68.255.000	747.777.918
	<u>2.924.427.538</u>	<u>2.876.219.886</u>	<u>648.338.580</u>	<u>391.047.918</u>	<u>1.278.059.020</u>	<u>8.118.092.942</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum	<u>6.251.180</u>	<u>2.506.464</u>	<u>18.197.892</u>	<u>(0)</u>	<u>5.834.503</u>	<u>32.790.039</u>
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun	<u>40.931.704</u>	<u>765.753</u>	<u>370.322</u>	<u>0</u>	<u>261.032</u>	<u>42.328.811</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok	<u>47.182.884</u>	<u>3.272.217</u>	<u>18.568.214</u>	<u>(0)</u>	<u>6.095.535</u>	<u>75.118.850</u>